

TILMÆLI Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

Flugslysanevnd

Frá árunum 1968 til 1982

1968

TF-DGD á Reykjavíkflugvelli

1. Flugkennurum verður gert að fara að ákvæðum gr. 3.2.4. í ICAO Annex 2, varðandi gerfblindflug.
2. Þeir einir öðlist réttindi til flugkennslu, sem áður hafi verið þjálfaðir sérstaklega til þess starfs.
3. Bannað verði að æfa flugtök og landingar, með útsýni byrgt úr stjórnklefa.
4. Einshreyfils æfingar á tveggja hreyfla flugvélum í flugtaki ofl. verði framvegis gerðar á Keflavíkflugvelli.
5. Framvegis verði öllum þeim gefinn kostur á að fá afrit flugslysaskýrslna, sem gagn gætu haft af því að mati ráðuneytisins eða flugmálastjórnar. Nefndin telur það geta komið í veg fyrir slys.
6. Gefnar verði út reglur á íslensku fyrir flugskóla til að starfa eftir.

TF-DGF við Látrabjarg

1. Endurskoðaðar verði reglur fyrir yfir-landsflug og yfirlandsflugþjálfun einkaflugmanna aukin.
2. Flugskólum verði gert að sjá til þess, að flugáætlanir og hleðsluskrár séu rétt gerðar fyrir sérhvert yfirlandsflug.
3. Flugöryggisþjónustunni verði gert að fylgjast með því eins og kostur er, að flugmönnum í flugi sem krefst flugáætlunar, verði gert að láta til sín heyra á 20-40 mín. fresti, enda hafi þeir nauðsynlegan radióbúnað. Þeir gefi staðarákvörðun sína m.a.

1971

V-671 á Akrafjalli

Lofför í blindflugi hafi a.m.k. eitt ADF.

1972

TF-SAN við Sandskeið

1. Merking og litur stjórnækja í svifflugum verði staðlaður.
2. Upplýsingar um gildistíma lofthæfiskírteina verði á áberandi stað í t.d. mælaborði.
3. Flak loftfars verði ekki fjarlæggt af slysstað, fyrr en rannsókn vettvangs er lokið. Sbr. lagaákvæði.

1973

TF-REA í Snjóflöllum

Settar verði lágmarksreglur um kortabúnað fyrir yfirlandsflug.

TF-AGN á Mælifellssandi

1. Fullnægjandi segulbandsupptaka þarf að vera á viðskiptum Keflavíkflugvallar.
2. Settar verði ákveðnar reglur um gerð og lokun sjónflugsáætlana.

1974

TF-JOI í Svínadal

Nefndin ítrekar fyrri tillögur sínar, varðandi fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn endurteknum flugslysum svipaðrar tegundar og mælist til þess, að ráðuneytið kanni til hlítar, hvort ekki sé unnt að koma þeim í framkvæmd.

1980

TF-RTO í Smjörfjöllum

Flugrekendum sé send skýrsla veðurfræðinga um vind og veður við fjallgarða.

1981

TF-ROM við Þverárvötn

1. Neyðarsendar flugvéla verði athugaðir sérstaklega.
2. Hæfnipróf séu hert og betur fylgst með framkvæmd þeirra.
3. Athugað verði með að setja reglur um dreifingu skýrsla um rannsóknir flugslysa.

1982

TF-FHJ á Kistufelli

1. Viðhaldspjálfun atvinnuflugmanna verði markviss og framkvæmd eftir viðurkenndri þjálfunaráætlun undir eftirliti FMS. Sett um þetta ákvæði í flugrekstrarbækur flugrekenda.
2. Hraðað verði endurskoðun reglugerðar um lágmarksbúnað loftfara.
3. Markvitum verði komið fyrir við NDB vita, sem notaðir eru til aðflugs.
4. Flugmálastjórn geri ásamt P&S úttekt á skiptingu tíðna.
5. Athugaðar verði kröfur um tvo flugmenn í atvinnuflugi í blindflugi.
6. Samræmd verði yfirstjórn flugumferðar á landinu og lúti hún sömu yfirstjórn.